



BISKUPSTUNGUR Í BLÁSKÓGABYGGÐ

Aðalskipulag 2000 - 2012

REYKJAVEGUR - Endurbætur og lítilsháttar breyting á legu vegarins o. fl.

Lýsing á skipulagsverkefni (Skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010)

Breytingar á staðfestu aðalskipulagi (fyrirum) Biskupstungnahrepps 2000 - 2012:

September 2014

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í.
Laugaveg 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 Netfang: ima@simnet.is


REYKJAVEGUR - Endurbætur og lítilsháttar breyting á legu vegarins o. fl.

Aðalskipulagsbreytingarnar felast í eftirfarandi:

1. Lagfæringum og endurbótum á Reykjavegi (355) og lítilsháttar breyting á legu vegarins
2. Breytingu á vegflokki: Reykjavegurinn breytist úr tengivegi í stofnveg.
3. Breytingu vegna nýrrar efnisnámu við Birkitanga í landi Efri-Reykja

Efnisyfirlit

1.0 Inngangur.....	3
1.2 Reykjavegurinn skv. gildandi aðalskipulagi.....	3
1.3 Aðalskipulagsbreyting.....	4
1.4 Efnisnámur.....	5
1.4 Forsendur.....	5
1.6 Stefna í staðfestu aðalskipulagi.....	6
1.7 Umhverfismat.....	6
2.0 Breyting á vegflokki.....	6
3.0 Breyting vegna efnisnámu í landi Efri-Reykja.....	7
3.1 Afmörkun svæðis og staðhættir.....	7
3.2 Aðalskipulagsbreyting.....	8
3.3 Forsendur.....	8
4.0 Umhverfisáhrif efnisnámu.....	9
4.1 Umhverfisþættir.....	9
4.2 Stefna/áhrifaþættir áætlunar.....	9
4.3 Umhverfismat - aðferðir og stefna.....	10
4.4 Umfjöllun um kosti og umhverfisþætti.....	10
5.0 Skipulagsferli og tímaáætlun.....	11




Loftmynd frá
Loftmyndum ehf

1.0 Inngangur

Hér er um að ræða Reykjavegin (355) í Biskupstungum sem er um 7,8 km að lengd og liggur á milli Biskupstungnabrautar (35) og Laugarvatnsvegar (37). Nú stendur til að lagfæra og endurbyggja þennan veg sem í dag er gamall malarvegur og kominn til ára sinna.

1.2 Reykjavegurinn, skv. staðfestu aðalskipulagi (staðfest 22. janúar 2001)

Í staðfestu aðalskipulagi var gert ráð fyrir að á norðurhluta vegarins yrðu gerðar lítilsháttar breytingar, þar sem beygjur og afleggjarar út frá veginum yrðu lagfærðar. Á suðurhluta vegarins er gert ráð fyrir að frá afleggjaranum að Tjörn að Biskupstungnabraut yrði vegurinn réttur af og að hann liggi nokkurn veginn beint að Biskupstungnabraut. Í aðalskipulagsbreytingu þessari fellur þetta vegstæði út.



Staðfest aðalskipulag m.s.br. staðfest 22. janúar 2001

mkv. 1:50.000

1.3 Aðalskipulagsbreyting

Aðalskipulagsbreyting þessi felur í sér að gert er ráð fyrir að núverandi Reykjavegur (355) sem er gamall malarvegur og kominn til ára sinna verði endurbyggður og lagfærður. Einnig er gert ráð fyrir að brúin yfir Fullsæl verði endurbyggð um 20 m neðar en gamla brúin.

Engar veigamiklar breytingar munu þó eiga sér stað varðandi legu vegarins norðanmegin, en gert er ráð fyrir umfangsmeiri breytingu um miðbik leiðarinnar og sunnanmegin, þar sem nú eru á veginum tvær krappar beygjur. Auk þess sem nokkrar minniháttar breytingar verða á þeim hluta hans sem liggur um Torfastaðaheiðina.

Ennfremur telur Vegagerðin nauðsynlegt að breikka vegsvæðið í 40 m heildarbreidd, 20 m til hvorrar handar frá miðlínu vegar. Leitast verður við að girða sem næst þessum 20 m, þó frávík frá því séu heimil á framkvæmdartíma skv. samkomulagi milli eftirlitsaðila Vegagerðarinnar og landeigenda. Þar sem rjúfa þarf girðingar eða fyrir eru lélegar girðingar, munu nýjar verða settar.

Gert er ráð fyrir reiðleið meðfram endurbættum Reykjavegi, eins og gert er ráð fyrir meðfram öllum þjóðvegum í gildandi aðalskipulagi.

Áætlað er að framkvæmdir geti hafist á árinu 2015 og ljúki eigi síðar en sumarið 2017.

1.4 Efnisnámur

Efni vegna framkvæmdarinnar er fengið úr nálægum námum og mun tryggt að þær verði í samræmi við aðalskipulag og að öllu leyti í samræmi við lög og reglugerðir. Í því skyni er m. a. ráðgert að breyta aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna þriggja minni náma. Ein er við Birkitanga í landi Efri-Reykja, önnur í Norðurtúni í landi Syðri-Reykja og sú þriðja er við Hrosshól, syðst í landi Syðri-Reykja. Kemur hver þessara náma til með að ná yfir um 49.000 m² lands og að úr hverri þeirra verði tekin allt að 149.900 m³.



Yfirlitskort yfir uppsveitir Árnassýslu

1.5 Forsendur

Reykjavegur tengir m.a. þéttbýliskjarnana Reykholt og Laugarvatn, þannig að vegbætur eru orðnar aðkallandi, sérstaklega í ljósi sameiningar Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallasveitar sem urðu að sveitafélaginu Bláskógabyggð árið 2002. Framkvæmdin mun styrkja sveitarfélagið verulega, sérstaklega varðandi alla þjónustu, félagslega og ekki síst atvinnulega bæði innan sveitar sem utan. Með tilkomu Lyngdalsheiðarvegar og Bráðratunguvegar mun framkvæmdin auk þess gegna mikilvægu hlutverki í samgöngumálum í uppsveitum Árnassýslu.

1.6 Stefna í staðfestu aðalskipulagi

Í aðalskipulagi fyrrum Biskupstungnahrepps 2000-2012: *Stefnumörkun og skipulag*, er fjallað um samgöngur í Kafla 1.18. *Samgöngur* bls. 88 m.a. á eftirfarandi hátt:

1. Unnið verði að samgöngubótum innan sveitarfélagsins sem miða að því styrkja tengsl milli svæða innan hreppsins og við nærliggjandi sveitir; forgangsverkefni verði endurbætur á Bræðratunguvegi og bygging brúar yfir Hvítá til Hrunamannahrepps (sjá Vegaáætlun Vegagerðarinnar).
2. Bundið slitlag verði komið á sem flesta vegi innan sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu; forgangsverkefni verði endurbætur á vegum sem liggja að Gullfoss og Geysi.

Ennfremur á bls. 89 (lið 7) í greinargerð aðalskipulagsins segir:

7. Markað verði göngu- og reiðstígakerfi í sveitarfélaginu sem miði að því að tengja byggðina innbyrðis, tengja byggðina við útivistarsvæði, tengja sumarbústaðasvæði við útivistarsvæði og ferðapjónustustaði. Samtvinna þarf göngu- og reiðleiðir á láglendinu og hálendinu. Á láglendinu fylgja reiðleiðir í megin-dráttum þjóðvegum. Samkvæmt skipulagsreglugerð ber að flokka vegi utan þéttbýlis í samræmi við vegalög (gr. 8 og 9). Gerð er grein fyrir stofn- og tengivegum og öðrum vegum á skipulagsuppráttum og þemakortum.

Ennfremur á bls. 89 segir:

Stærsta vegaframkvæmdin í sveitarfélaginu er fyrirhugaður Bræðratunguvegur og brú yfir Hvítá til Hrunamannahrepps, hann er skilgreindur sem stofnvegur. Sú framkvæmd hefur nú þegar farið í mat á umhverfisáhrifum og fengið jákvæða niðurstöðu. Af öðrum vegaframkvæmdum má nefna endurbætur á Syðri-Reykjavegi og Biskupstungnabraut skammt frá gömlu brúnni yfir Tungnaá.

1.7 Umhverfismat

Samkvæmt fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu er hér aðeins um lagfæringar og endurbætur á Reykjaveginum að ræða. Lega vegarins frá núverandi legu er nær óbreytt. Er því ekki talin þörf á umhverfismati vegna framkvæmdarinnar.

2.0 Breyting á vegaflokki

Núverandi skilgreining á Reykjavegi (355) í aðalskipulagi er tengivegur og í aðalskipulagsbreytingu þessari kemur fram að hann hafi verið færður í flokk stofnvega.

Skilgreining tengivega og stofnvega skv. Vegalögum 2007 nr. 80, 29. mars er eftirfarandi:

(8. gr. liður b)

- b. Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðapjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgördum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.

(8. gr. liður a)

- a. Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðapjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðapjónustu og flutninga.



Loftmynd sem sýnir afmörkun efnistökusvæðisins

3.0 Breyting á aðalskipulagi vegna efnisnámu í landi Efri-Reykja

Í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu vegna Reykjavegar, er einnig gert ráð fyrir breytingu á aðalskipulagi (fyrrum) Biskupstungnahrepps 2000 - 2012, vegna námu við Birkistanga í landi Efri-Reykja. Úr henni er gert er ráð fyrir að taka efni til að nota við fyrirhugaðar lagfæringar og endurbætur á Reykjaveginum.

3.1 Afmörkun svæðis og staðhættir

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir efnisnámu við Birkistanga í landi Efri-Reykja í stað landbúnaðarsvæðis (sjá kort á bls. 4). Svæðið er melur, mói og tún í um 80 m hæð yfir sjávarmáli. Aðkoma að námunni er frá Reykjavegi nr. 355, út frá afleggjara fyrir norðan brúna yfir Fullsæl.

Um helmingur efnistökusvæðisins er á náttúruminjaskrá og er þar fjallað um það á eftirfarandi hátt:

739. Brúará og Brúarskörð, Laugardalshreppi, Biskupstungnahreppi, Grímsneshreppi, Árnæssýslu. (1) Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spíldu beggja vegna árinna. (2) Lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Tilkomumikið landslag í Brúarskörðum.

3.2 Aðalskipulagsbreyting

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði sem breytist í efnistökusvæði. Nú þegar hefur verið tekið talsvert efni á þessu svæði. Náman kemur til með að ná yfir um 49.000 m² lands og að tekin verði allt að 149.900 m³ af frostfríu burðarhæfu byggingaefni sem verði tekið úr námunni á 15 árum. Efnistaka er því áætluð um 3.325 m³ að meðaltali á ári, en reiknað er með að efnistakan geti þó verið breytileg eftir því hvernig eftirspurn eftir efni verður háttáð.

3.3 Forsendur

Reiknað er með að náman verði nýtt til eigin nota og við lagfæringar og endurbætur á Reykjaveginum (355) sem fyrirhugaðar eru á næstunni. Náma þessi er stutt frá framkvæmdarsvæðinu og er því mikil hagræðing í því að þurfa ekki að sækja efni langar vegalengdir auk þess sem efnið er talið henta vel í uppbyggingu vegarins.

4.0 Umhverfisáhrif efnisnámu

Samkvæmt reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi eru framkvæmdir vegna efnisnáma tilkynningaskyldar og fellur þess vegna undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana (Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000).

4.1 Umhverfisþættir

Við greiningu á þeim þáttum sem hugsanlega geta orðið fyrir umhverfisáhrifum vegna efnistökkunnar var tekið mið af fyrirbyggjandi leiðbeiningum (Skipulagsstofnun 2005) um flokkun umhverfisþátta, viðmið og vægi þeirra.

Í aðalskipulagsbreytingunni verður fjallað um eftirfarandi þætti:

- # Landslag og sjónræn áhrif
- # Áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir - Er gengið á jarðmyndanir? sbr. 37 gr. náttúruverndarlaga
- # Áhrif á fuglalíf
- # Áhrif á friðlýst svæði og svæði á náttúruinjasrá
- # Áhrif á vatnsverndarsvæði
- # Áhrif á fornleifar og sögustaði
- # Áhrif á útivist og ferðamennsku
- # Áhrif á samfélag
- # Áhrif á heilsu og öryggi

4.2 Stefna/áhrifaþættir áætlunar

Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð verða til grundvallar umhverfismati. Þess ber þó að geta að listinn er ekki tæmandi. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem efnistakan í hefur för með sér.

Stefna	Umhverfisviðmið
Lög	Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, m.s.br. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br. Skipulagslög nr. 123 / 2010, VII kafli.
Reglugerðir	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. Þjóðminjalög nr. 107/2001 Lög um landgræðslu nr. 17/1965 m.s.br. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, grein 1.1. Reglugerð um framkvæmdarleyfi nr. 772/2012
Skipulagsáætlun	Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012
Önnur stefnuskjöl Stjórnvalda	Velferð til framtíðar - stefnumörkun til 2020. Kafli 1, Heilnæmt andrúmsloft. Kafli 2, Hreint og heilnæmt ferskvatn. Kafli 8, Vernd sérstæðra jarðmyndana. Kafli 9, Náttúruinjasrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands

Tafla 1. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum efnistökkunnar

4.3 Umhverfismat - aðferðir og stefna

Við greiningu á einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar vægi áhrifa er metið.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt
Áríf óljós	?	Óljós áhrif á umhverfisþátt

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat.

4.4 Umfjöllun um kosti og umhverfisþætti

Ástæða þess að þessi kostur er valinn umfram aðra er að náma hefur verið í notkun á þessum stað um allan tíð skeið og landið er því þegar raskað. Annar kostur er núll kostur, það er að efnistöku verði hætt og námunni lokað.

Umhverfisþættir	Áhrif
Landslag og sjónræn áhrif	
Jarðfræði og jarðmyndanir	
Gróður	
Fuglalíf	
Svæði á náttúruminjasrá	
Vatnsverndarsvæði	
Fornleifar	
Útivist og ferðamennska	
Samfélag	
Hljóðmengun	
Fok	
Umferð	
Mengun	

5.0 Skipulagsferli og tímaáætlun

1. Lýsing á fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu kynnt fyrir skipulagsnefnd uppsveita Árnessýslu og sveitarstjórn.
Áætlaður tími: september - október 2014
2. Lýsing er kynnt almenningi og send til umsagnar Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila.
Áætlaður tími: september - október 2014
3. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu kynnt með áberandi hætti skv. 2. mgr. 30.gr.
Áætlaður tími: október - nóvember 2014
4. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn. Ef sveitarstjórn samþykkir að breyta aðalskipulagi er tillagan send Skipulagsstofnun með ósk um heimild til auglýsingar.
Áætlaður tími: nóvember - desember 2014
5. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu auglýst formlega í héraðsblaði, blaði sem gefið er út á landsvísu, í Lögbirtingablaðinu og á heimasíðu skipulagsfulltrúa og sveitarfélags. Frestur til athugasemda er sex vikur frá birtingu auglýsingar.
Áætlaður tími: desember 2014 - janúar 2015
6. Að loknum kynningartíma fer sveitarstjórn yfir innkomnar athugasemdir, ef einhverjar eru og þeim svarað. Sveitarstjórn samþykkir eða samþykkir ekki tillöguna í ljósi innsendra umsagna og athugasemda.
Áætlaður tími: febrúar - mars 2015
7. Ef sveitarstjórn samþykkir tillöguna sendir hún hana til Skipulagsstofnunar til athugunar ásamt umsögnum og athugasemdum til endanlegrar afgreiðslu.
Áætlaður tími: febrúar - mars 2015
8. Tillagan auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.
Áætlaður tími: mars - apríl 2015